

## Tölulegar upplýsingar (2021010238)

Desember 2021

### Fjárhagsaðstoð

Í desember 2021 fengu 148 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð frá Reykjanesbæ, alls voru greiddar kr. 22.591.715. Í sama mánuði 2020 fékk sami fjöldi, þ.e. 148 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð, alls voru greiddar kr. 18.101.449. Umsækjendum með samþykka fjárhagsaðstoð hefur fjölgað um 3,35% milli desember 2020 og 2021.

### Sérstakur húsnæðisstuðningur

Í desember 2021 fengu alls 297 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins, samtals kr. 4.191.573. Í sama mánuði 2020 fengu 260 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning, samtals kr. 3.500.001. Umsækjendum með samþykktan sérstakan húsnæðisstuðning fjölgaði um 14,2% milli desember 2020 og 2021.

### Áfrýjunarnefnd

Í desember 2021 voru 22 mál lögð fyrir áfrýjunarnefnd. 17 erindi voru samþykkt, 5 erindum var synjað og 3 frestað. Í tveimur málum var erindið samþykkt að hluta og frestað að hluta.